



Fundur í hafnarnefnd

15. fundur hafnarnefndar Langanesbyggðar haldinn að Fjarðarvegi 3 Þórshöfn, mánudaginn 6. desember 2017 og hófst kl. 12:00

Mættir voru: Halldór Stefánsson formaður, Aðalbjörn Arnarsson, Jóhann Ægir Halldórsson, Jón Rúnar Jónsson og Elías Pétursson hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2018
2. Gjaldskrár 2018
3. Önnur mál

1. Fjárhagsáætlun 2018

Hafnarstjóri lagði fram og kynnti fjárhagsáætlun 2018 eftir fyrri umræðu í sveitarstjórn, fram kom að hafnarstjóri og hafnarvörður eiga eftir síðustu yfirferð.

Hafnarnefnd samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir sitt leiti.

Samþykkt samhljóða.

2. Gjaldskrár

Mál tekið upp frá 14. fundi hafnarnefndar hvar því hafði verið frestað.

Sveitarstjórn hafði áður samþykkt að gjaldskrá hafna hækki um 3%.

Umræða um nýjan lið í gjaldskrá tekin upp frá síðasta fundi.

Hafnarstjóri leggur til að gjaldið verði 153 kr. pr. m² og reikningsfærast mánaðarlega samkvæmt mælingu. Gjaldinu verði bætt í 14. grein gjaldskrár undir önnur þjónustugjöld.

Breyting á gjaldskrá borun upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Hafnarstjóra falið að vinna skilgreiningu á sorpgjöldum, við þá vinnu skal horft til breytts fyrirkomulags hjá sveitarfélaginu við flokkun sorps og afsetningu. Hafnarstjóra einnig falið að skoða síðustu málsgrein 5. gr. reglna er varða gestaskútur. Afurð vinnu skal lögð fyrir næsta fund hafnarnefndar.

Samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál.

Engin

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 13:25